

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 750/2008 (REACH).



1. Söluheiti efnis eða vörutegundar og notkun. Upplýsingar um seljanda, gerð öryggisblaða, útgáfudag og neyðarsímanúmer.

Söluheiti vöru: **RUSTVASK**

Vörunúmer: -

Notkun: Ryðhreinsir. Hentar vel á ryðlitun á plasti og máluðum flötum. Smurt eða sprautað á flötinn og skolað með vatni. Notað óblandað eða blandað með vatni.

Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf., Borgartún 26, 105 Reykjavík, sími 444 3000

<http://skeljungur.is>

Tengiliður: oj@skeljungur.is

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, <http://efnavernd.is>

Útgáfudagsetning: 02.12.2011

Neyðarlínan; sjúkrabífreid, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnaðistöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

Fólk: Ertir augu og húð.

Umhverfi: Varan er ekki flokkuð hættuleg umhverfinu skv. gildandi reglum.



3. Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Magn %:	Hættuflokkun:
7664-38-2	231-633-2	Fosförsýra	11,5	C H34
144-62-7	205-634-3	Oxalsýra	1,7	Xn H21/22
-	-	Alkohóletoxýlat, C10-16 fjölliða	<5%	Xn H22-38-41
68604-71-7	271-704-5	Alkylimidazolinkarboxýlat	< 2,5	Xi H36
526-95-4	208-401-4	Glúkónsýra	< 2,5	Xi H36

Varnaðarmerkingar - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

4. Skyndihjálp.

Almennt: Hafid öryggisblöðin eða umbúðamerkingar meðferðis ef leitað er til læknis eða slysadeildar.

Áhrif, eitrunareinkenni: Sjá lið 11.

Við innöndun: Tryggið hreint loft og hvíld undir eftirliti. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.

Snerting við húð: Farið úr fötum sem mengast af efninu og skolið húðina vel með nægu vatni. Snerting við augu: Skolið strax vel með nægu vatni eða augnskolunarlausn í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægið snertilinsur ef við á. Leitið læknis ef erting er viðvarandi. Haldið skolun áfram meðan á flutningi stendur ef flytja þarf slasaða á sjúkrahús.

Við inntöku: Skolið munninn og gefið síðan mikið af vatni að drekka. Hafið eftirlit með slasaða. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.

Uppl. f. heilbrigðisstarfsfólk: -

5. Viðbrögð við eldsvoða.

Slökkviefni/búnaður: Efnið brennur ekki.

Notið ekki (efni, búnað): -

Hlífðarbúnaður: -

Sérstök hættu: -

6. Efnaleki.

Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Stöðvið lekann ef hægt er að gera það á öruggan hátt. Loftræstið svæðið þar sem lekinn varð.

Hindrið að efnið berist óþynnt í niðurföll.

Minniháttar leka má skola í niðurföll með miklu vatni. Notið óvirk isogsefni til að hreinsa upp stærri leka og látið í vel lokuð og merkt plastílát til endurvinnslu eða förgunar. Skolið mengað svæði vel með vatni (sjá lið 13 fyrir förgun).

Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Forðist snertingu við augu, húð og fatnað. Þvoið ykkur vel með vatni og sápu eftir notkun efnisins.

Ryðhreinsir. Hentar vel á ryðlitun á plasti og máluðum flötum. Smurt eða sprautað á flötinn og skolað með vatni. Notað óblandað eða blandað með vatni.

Geymsla: Geymist þar sem börn og aðrir óviðkomandi ná ekki til. Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum þar sem ekki frýs. Geymið ekki hjá matvælum eða öðrum neysluvörum, fœðri eða lyfjum.

Sérstök notkun: -

8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar.

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Fosfórsýra: (MG) 1 mg/m³

(PG) 2 mg/m³

Oxalsýra: (PG) 1 mg/m³

Tæknilegar aðgerðir: Greiður aðgangur þarf að vera að vatni og augnskolunartækjum.

Persónuhlífar;

Öndunartæki: Ekki nauðsynleg við venjulegar aðstæður. Notið viðeigandi öndunartæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk. Notið agnasíu P2 við úða. Síur hafa takmarkaðan notkunartíma og þarf að skipta um eftir þörfum; lesið leiðbeiningar framleiðanda.

Fyrir augu: Vel lokuð hlífðargleraugu ef hættu er á slettum.

Fyrir hendur: Hlífðarhandskar úr nitrílgúmmíi. Mælt er með að hönskunum sé hent eftir notkun.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Þvoið ykkur vel með vatni og sápu eftir notkun efnisins.

Umhverfið: Hindrið að efnið berist óþynnt í niðurföll.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

<i>Ástand / útlit / lykt:</i>	Vökvi / tær, litlaus / dauf einkennandi lykt
<i>Sýrustig (pH):</i>	0,5 óblandað, notkunarlausn ~ 3
<i>Suðumark:</i>	~ 100°C
<i>Bræðslumark:</i>	-
<i>Blossamark:</i>	-
<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	-
<i>Gufuþrýstingur:</i>	-
<i>Gufuþéttni:</i>	-
<i>Uppgufunarhraði:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni (VOC):</i>	-
<i>Seigja:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	1,10 við 20°C
<i>Leysni:</i>	Blandast vatni
<i>Deilistuðull, n-oktanól/vatn:</i>	-

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki:</i>	Brennur ekki.
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	-
<i>Efni sem skal varast:</i>	-
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	-

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Almennt:</i>	Upptaka er um húð, lungu og við inntöku.
<i>Áhrif við innöndun:</i>	Ertir slímhúðir með særingum í hálsi, hósta og andnauð, sérstaklega við úðamyndun.
<i>Í snertingu við húð:</i>	Ertandi með roða, sviða og blöðrumyndun. Þurrkar húðina.
<i>Í snertingu við augu:</i>	Ertandi. Roði, sviði og óskýr sjón. Getur valdið varanlegum skaða á hornhimnu.
<i>Við inntöku:</i>	Verkar ertandi til ætandi á slímhimnur í munni, vélinda og maga. Getur valdið iðrakvölum, ógleði, uppköstum og höfuðverk. Mikil blóðþrýstingslækkun getur komið fyrir.
<i>Bráð eiturrhif:</i>	-
<i>Áhrif á miðtaugakerfi:</i>	-
<i>Langtímaáhrif:</i>	Endurtekin eða langvarandi notkun getur valdið ofnæmi og exemi.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.

<i>Dreifing/afdrif:</i>	Fosfórsýra og oxalsýra leysast og dreifast í vatni. Yfirborðsvirku efnin geta bundist jarðvegi sterkt. Fosfórsýra er vatnsrofin í fosfat. Yfirborðsvirk efni í vörunni uppfylla kröfur um lífrænt niðurbrot skv. EB tilskipun fyrir hreingerningarefni. Alkohóletoxýlat C10-16 og alkýlimidazolinkarboxýlat eru greiðlega lífbrjótanleg (>60% BOD, 28d (OECD 301B)). Alkohóletoxýlat C10-16 og alkýlimidazolinkarboxýlat geta safnast upp í fæðukeðjunni; Log Kow > 1 en < 3.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	EC50 (vatnalífverur): > 100 mg/l (oxalsýra og Alkýlimidazolinkarboxýlat) LC50 (fiskur): 1-10 mg/l/96 klst. (Alkohóletoxýlat C10-16).
<i>Önnur skaðleg áhrif:</i>	Vökvinn er súr og getur haft áhrif á sýrustig í vatni.
<i>Annað:</i>	-

13. Förgun.

Förgun vörunnar: Endurvinnið ef hægt er. Skemmt efni, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: Endanotandi ákvarðar flokkun en eftirfarandi flokkun getur átt við:
20 01 29 hreinsiefni sem innihalda hættuleg efni
15 02 02 íseyg efni, síunarefni (þ.m.t. olíusúr sem ekki eru tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur, og hlífðarfatnaður sem eru menguð með hættulegum efnum.

Förgun umbúða: Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

Reglur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 184/2002, reglug. 738/2003.

14. Flutningur. Efnið fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farni.

Flutningur á landi: -

Flutningur á sjó: -

Flutningur í lofti: -

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Umbúðamerkingar og upplýsingar um reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

Varnaðamerkingar skv. reglugerð nr. 750/2008 (REACH) með síðari breytingum:



Varnaðamerki: Xi

Inniheldur: Fosfórsýru 11,5%

H - setningar: H36/38 Ertir augu og húð.

V - setningar: V23 Varist innöndun gufu/úða.

V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V46 Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Innihaldsmerking skv. reglugerð 708/2008 um þvotta- og hreinsiefni:

Inniheldur < 5% ójónísk yfirborðsvirk efni, < 5% amfóterísk yfirborðsvirk efni.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann: 02.12.2011

Dagsetning frumrits: 06.02.2008

Útgáfa: 1,0 Breyttir liðir: -
Gert fyrir: SKELJUNGUR hf., Borgartún 26, 105 Reykjavík, sími 444 3000
<http://skeljungur.is>

Unnið af: EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, <http://efnavernd.is> / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 3:

H21/22 Hættulegt í snertingu við húð og við inntöku.

H22 Hættulegt við inntöku.

H34 Ætandi.

H36 Ertir augu.

H38 Ertir húð.

H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

Annað: Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Tryggja þarf að nauðsynlegar persónuhlífar og öryggisbúnaður sé fyrir hendi.

Hreingerningarefni viðurkennt af matvælaeftirliti Færeyja með skráningarnúmerið FA 4800-345/01, til notkunar í fiskflutningatækjum og matvælafyrirtækjum sem meðhöndla fisk og vörur úr fiski.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá KEMILUX, FO-110, Tórshavn, Færøerne.